



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hamraborg 6-A, 200 Kópavogur
www.natkop.is

B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Kópavogi, 29.02.2016

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun Loftslagsráðs.

**Tillaga til þingsályktunar stofnun Loftslagsráðs.
Þingskjal 131 - 131. mál.**

Þegar litið er til lengri tíma er fátt sem skiptir Íslendinga jafn miklu máli og loftslagsmálin. Losun gróðurhúsalofttegunda veldur hlýnun andrúmsloftsins sem aftur hefur áhrif á hafstrauma og sjávarhita við Ísland. Þá hefur orðið æ skýrara á undanförunum árum að binding koltvísýrings í hafi veldur súrnun sjávar, sem er ekki síðra áhyggjuefni. Hitabreytingar í hafi, möguleg tilfærsla straumakerfa og súrnun sjávar geta haft afgerandi áhrif á allt lífríki hafsvæðisins umhverfis Ísland og á Íslandi sjálfu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þær tegundir sem þar lifa, þar með talið nytjastofna. Slíkar breytingar hafa bein efnahagsleg áhrif sem jafnframt eru ófyrirsjáanleg.

Þessu til viðbótar má búast við nokkurri hækkun sjávarborðs sem getur haft áhrif á láglandum svæðum, sem og veðurfarsbreytingum sem aftur munu hafa áhrif á dýra- og plöntusamfélög á landi, sem og landnýtingu.

Stærstur hluti gróðurhúsalofttegunda sem til fellur hér á landi kemur frá iðnaðarframleiðslu og skipaumferð, en smærri hluti frá landbúnaði og almennri umferð. Mikilvægt er að þekkja og kortleggja þessar stærðir í tíma með það að markmiði að þróa leiðir til að draga úr losun. Það verður best gert með markvissri söfnun upplýsinga sem síðan er unnt að nýta til að koma hlutum til betri vegar. Þarna gæti verið góður möguleiki fyrir Ísland að leggja sitt lóð á vogarskálarnar gegn hlýnun jarðar á heimsvísu.

Í þessu ljósi ber að fagna fram kominni þingsályktunartillögu um stofnun loftslagsráðs. Slíkt ráð ber að skipa fagfólki, ráðið sé ævinlega sjálfstætt í störfum sínum og hafi óheftan aðgang að umbeðnum upplýsingum á hverjum tíma. Því er mikilvægt að í því sitji fulltrúar allra þeirra stofnana sem safna gögnum sem kunna að nýtast málefni. Inn í upptalningu tillögunnar vantar t.d.

Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og án efa á fulltrúi frá Náttúrustofunum erindi þarna inn. Undir ráðið mætti skipa sérhæfða starfshópa s.s. um súrnun sjávar. Loftslagsmálin eru víðfeðm mál, ná ekki bara til loftslags og veðurbreytinga, þeim tengjast margir angar. Hér er um hnattrænt mál að ræða sem birst getur með mismunandi hætti eftir mismunandi stöðum á jörðinni og á mismunandi tímum. Mikið upplýsingaflæði er tengt þessum málaflokki og ekki eru allir á einni skoðun. Mikilvægt er að réttar og áreiðanlegar upplýsingar séu grundvöllur ákvarðanatöku, ekki síst þegar viðamikil og flókin mál eru til umræðu og því er mikilvægt að til sé vettvangur sem hefur það markmið að fjalla um málið í sem víðustu samhengi. Einungis þannig er hægt að meta niðurstöður rannsókna og mælinga taka ígrundaðar ákvarðanir um viðbrögð.

Einnig er komin fram þingsályktunartillaga, mál nr. 160 um stofnun aðgerðarhóps gegn súrnun sjávar. Að okkar mati er hér um mjög samtvinnuð mál að ræða, þannig að það loftslagsráð sem hér er mælt með að stofnað verði er í okkar huga nátengt aðgerðarhópi gegn súrnun sjávar og raunar gæti slíkur hópur heyrt undir ráðið, en eins og að framan segir er súrnunin loftslagstengt málefni. Náttúrufræðistofa Kópavogs fagnar því að á grundvelli breiðrar samstöðu sem endurspeglast í fjölda flutningsmanna þessara tveggja tillagna, ætti að geta fengist framgangur í þetta nauðsynlega mál. Mál sem allir ættu að geta séð að brýnt er að taka á sem allra allra fyrst.

Virðingarfyllst
F.h. Náttúrufræðistofu Kópavogs

Finnur Ingimarsson
Forstöðumaður